

2002034 - Afgreiðsla hreppsnefndar Ásahrepps til umsagnar, Landmannaafréttur í Ásahreppi, stofnun Þjóðlendu

Til : Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>;Haraldur Birgir Haraldsson
Frá : Elísabet Dröfn Erlingsdóttir <elisabet@utu.is>
Heiti : 2002034 - Afgreiðsla hreppsnefndar Ásahrepps til umsagnar, Landmannaafréttur í Ásahreppi, stofnun Þjóðlendu
Málsnúmer : 2003031
Málsaðili : Ásahreppur
Skráð dags : 27.03.2020 10:26:41
Höfundur : Elísabet Dröfn Erlingsdóttir <elisabet@utu.is>

Viðhengi [Lóðablað, Landmannaafréttur í Ásahreppi, stofnun Þjóðlendu.pdf](#)
[Lóðablað, Landmannaafréttur í Ásahreppi, stofnun Þjóðlendu.pdf](#)
Erindi ásamt fylgiskjali, Landmannaafréttur í Ásahreppi, stofnun
Þjóðlendu.pdf[Erindi ásamt fylgiskjali, Landmannaafréttur í Ásahreppi, stofnun Þjóðlendu.pdf](#)

Góðan daginn

Hreppsnefnd Ásahrepps bókaði eftirfarandi á fundi sínum þ. 23. mars sl.

Regína Sigurðardóttir f.h. Forsætisráðherra og Forsætisráðuneytis leggur fram umsókn dags. 17.12.2019, og uppdrátt dags.19.12.2019, um að stofnuð verði 3 km² fasteign/Þjóðlenda, þ.e. Landmannaafréttur. Um stofnun Þjóðlenda gilda ákvæði laga um Þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 með síðari breytingu. Landeigandi er Íslenska ríkið skv. 2. gr. laga nr. 58/1998. Mörk skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli 2/2003 dags. 10. desember 2004 eru: Úr skurðarpunkti sveitarfélagamarka Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps við Þjórsá sunnan Sultartangalóns (lma1) er Þjórsá fylgt norður í ós Tungnaár (lma2). Tungnaá ræður í sveitarfélagamörk Ásahrepps og Rangárþings ytra(lma3), en þeim mörkum er fylgt í upphafspunkt (lma1). Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi umsókn um stofnun Þjóðlendunnar Landmannaafréttur í Ásahreppi. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til að gögn ásamt umsókn verði send sveitarfélagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra til umsagnar.

Sbr. bókun hreppsnefndar eru hjálögð gögn send til umsagnar.

*Með kveðju,
Elísabet*

Elísabet Dröfn Erlingsdóttir
Aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12, 840 Laugarvatni
Sími: 480 5550
Netfang: elisabet@utu.is
Vefsíða: www.utu.is